

## HPE-2017-06 Hrísiðn, aukin framleiðslugeta og jafnari gæði

Umsækjandi er Hrísiðn ehf. Verkefnið felst í að auka framleiðslugetu og sjálfvirkni með stýringu á hita, en einkum rakastigi - sem ætti að tryggja meiri/jafnari gæði vöru. Gæði framleiðslunnar munu aukast og fleiri störf verða til. Mikil vöxtur er í eftirspurn eftir hvönninni vegna nýrra markaða erlendis. Sótt er um styrk til að mæta aukinni eftirspurn frá Saga Medica. Við þurrkunina voru fyrir 2 gámar og er nú búið að bæta þeim þriðja við. Það þarf að skipta út og endurnýja búnað í elsta gámnum, setja upp hitaelement, blásara og stýribúnað sem ekki var til staðar þar. Þetta er gert til að bæta afköst og gæði vörunnar. Í nýjasta gáminn er verið að setja upp nýtt hitaelement, blásara og stýringu líka. Um er að ræða sérsmíðaðan búnað sem þróaður hefur verið í kring um starfsemi Hrísiðnar og því er um ákveðið þróunarstarf að ræða.

Verkefnið fellur vel að starfsmarkmiði 2.8. byggðapróunarverkefnisins um eflingu frumkvöðlastarfs.

Verkefninu var úthlutað 1.200.000 kr.- árið 2017.